

Stykkishólmsbær
Kristín Þorleifsdóttir
Hafnargötu 3
340 STYKKISHÓLMUR

Garðabær, 26. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0017
LA/BK/RTH

Efni: Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi á Þingskálanesi, Stykkishólmi

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 13. desember 2023, þar sem Stykkishólmsbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi á Þingskálanesi. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð á Þingskálanesi og frístundabyggð á Hömrum. Auk þess lóðir fyrir íbúðarhús á landbúnaðarlandi og heimild til uppbyggingar lögbýlis. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Þingskálanes (eða Sauranes samkv. örnefnasjá Landmælinga Íslands) er nær óraskað svæði sem liggur að verndarsvæði Breiðafjarðar (lög nr. 54/1995) og einnig að C-hluta svæði á náttúruminjasrá, Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði (nr. 230). Þá njóta leirur og votlendi innan svæðisins sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga. Á nýlegum loftmyndum (hjá ja.is) sést að lagður hefur verið vegslóði inn á skipulagssvæðið og uppbygging er hafin á lóð merkt B1.

Breiðafjörður er einstök heild á landsvísu þar sem náttúruverndarsvæðisins er sérlega fjölbreytt og auðugt m.t.t. lífríkis, jarðminja og landslags. Breiðafjörður er á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO og auk þess þarf að taka tillit til ýmissa alþjóðlegra samninga og tilskipana er varða vernd Breiðafjarðar, s.s. Bernarsamningur, samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Ramsarsamningur, AEW samningur um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla, evrópski landslagssamningurinn.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Á svæðinu eru grónir klapparásar með votlendi þar á milli. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) er þar m.a. að finna starungsmýravist, tjarnastararflóavist og brokflóavist sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru þær tvær fyrrnefndu á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Meðal þurrlandisvistgerða eru bæði lyngmóavist á láglandi og kjarrskógavist með hátt verndargildi auk þess að vera á lista Bernarsamningsins.

Gera má ráð fyrir að sú mósaík vistgerða sem þarna er að finna standi undir töluverðu fuglalífi. Vigrafjörður er hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar og er mikilvægt fuglasvæði sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela.




Vigraffjörður er viðkomustaður farfugla og hefur fjörðurinn innan Orrustuness verið vaktaður undanfarin ár af Náttúrustofu Vesturlands. Svæðið er m.a. mikið notað af rauðbrystingum, fargesti sem er ábyrgðartegund Íslands, og hafa hátt í 2000 rauðbrystingar sést þar í stakri talningu (Róbert A. Stefánsson, óbirt gögn). Æskilegt væri að kanna betur fuglalíf svæðisins, s.s. á varptíma.

Náttúrufræðistofnun telur að skipulagning frístunda- og íbúðabyggðar á Þingskálanesi sé óheppileg staðsetning þegar horft er til náttúrufars svæðisins. Með uppbyggingu fylgir umtalsvert rask á verðmætum vistgerðum og búsvæðum fugla, breytingar verða á gróðurfari samhliða ræktun og trjáplöntun innan skipulagsins, og byggðin kemur til með að hafa varanleg áhrif á ásýnd svæðisins. Þá ber að hafa í huga að 50 m fjarlægð frá fjörum og vötnum er ófullnægjandi til að tryggja viðunandi fuglavernd og ættu mörkin að vera a.m.k. 100 m og þá sérstaklega þegar um er að ræða mikilvæg verndarsvæði, eins og Breiðafjörður er.

Stofnunin vill benda á að unnið er nú að endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Breiðafjarðar og vegna mikilvægi náttúruminja svæðisins er tilefni til að biða með frekara skipulag við strönd Breiðafjarðar þar til áætlunin liggur fyrir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

